

12.12.2022

STJÓRN
KÍTÓN 2022
KYNNIR

STEFNA KÍTÓN 2030



Samþykkt:

12.12.2022

Uppfærð og endurskoðuð

Árlega

kiton.is

STEFNA

2023-2030

Stefna KÍTÓN nær til ársins 2030.

Stefnan var unnin af stjórn KÍTÓN árið 2022 og borin undir félagskonur þann 12.12.2022.

Í stjórn KÍTÓN sitja:

- Sóley Stefánsdóttir, formaður.
- Ásta Björg Björgvinsdóttir, varaformaður.
- Helga Ragnarsdóttir, gjaldkeri.

Meðstjórnendur: Elíza Newman, Helga Ragnarsdóttir, Hólmfríður Samúelsdóttir, Katla Vigdís Vernharðsdóttir, Lára Rúnarsdóttir og Védís Hervör Árnadóttir.

STJÓRN KÍTÓN HEFUR
ÁSKILIÐ SÉR AÐ
FYLGJA STEFNUNNI
EFTIR OG UPPFÆRA
REGLULEGA

HLUTVERK KÍTÓN

HLUTVERK

Að standa vörð um hagsmuni, réttindi, sýnileika og tækifæri sís kvenna, kvára, trans og kynsegin í íslensku tónlistarsenunni.

Að stuðla að samstöðu, valdeflingu og tengslum sís kvenna, kvára, trans og kynsegin í tónlist á Íslandi.



GILDI KÍTÓN

GILDI

KÍTÓN hefur samþykkt að vinna í samræmi við eftirfarandi gildi og hefur skilgreint hegðun og framkomu sem styður við gildin og verkefni KÍTÓN á komandi árum.

Gildin eru endurskoðuð eins og þörf þykir.

Róttækni: KÍTÓN er töff og mengandi. Við sýnum hugrekki og tókum pláss. Við sköpum rými fyrir allskyns konur. Við erum óskammfeilnar, valdeflum og rífum kjaft.

Samspil: KÍTÓN skapar rými fyrir konur, kvár, trans og kynsegin. Við eigum samtál og skoðanaskipti í heiðarleika og virðingu. Við sköpum samstöðu. Við tengjum kynslóðir og byggjum á inngildingu. Við erum séðar og sjáum hver aðra. Við byggjum upp órjúfanleg tengsl, styrk og stolt með hver annarri.

Gæði: KÍTÓN er skýr og skorinorð í samskiptum. Við setjum mörk og krefjumst þess að þau séu virt. Við byggjum á staðreyndum og gæðum í okkar róttæka starfi. Við skilgreinum gæðastaðla og nýtum þá reynslu sem er til staðar innan KÍTÓN.

RÓTTÆKNI- SAMSPIL- GÆÐI

FRAMTÍÐARSÝN 2030

FRAMTÍÐARSÝN

Með róttækni, faglegum vinnubrögðum og kröftugu samspili, knýjum við fram hugarfarsbreytingu í samfélaginu og gjörbyltum karllægu kerfi sem liggur að baki tónlistariðnaðarins.

KÍTÓN er hreyfiaflið sem jafnar hlut sís kvenna, kvára, trans og kynsegin í allri tónlistarsenunni.

KÍTÓN eru virt, róttæk og sýnileg félagasamtök sem tónlistarfólk og almenningur leggur traust á.

GJÖRBYLTUM KARLLÆGU KERFI!

MEGINMARKMIÐ

MEGINMARKMIÐ

KÍTÓN hefur samþykkt eftirfarandi meginmarkmið til 2030 og áherslur sem styðja við þau. Áherslurnar eru til þriggja ára og eru endurskoðaðar með reglulegu millibili. Áherslum fylgja tímasettar aðgerðir sem stjórn KÍTÓN er falið að vinna eftir og endurskoða árlega.

Meginmarkmiðin eru fjögur:

- Sviptum hulunni
- Spilum saman
- Sköpum rými
- Jöfnum leika

FJÖGUR MEGINMARKMIÐ



4

MEGINMARKMIÐ 1



SVIPTUM HULUNNI

Við sviptum hulunni af hverskonar misrétti og erum upplýsandi í öllu okkar starfi. Við nýtum samfélagsmiðla og heimasíðu KÍTÓN til hins ítrasta. Við byggjum á gögnum og staðreyndum og erum róttækar og faglegar í allri okkar framkomu.

Áherslur:

- Stóraukum upplýsingamiðlun.
- Eflum gæðastarf.
- Aukum róttækni, hugrekki og þor.

ÞRJÁR ÁHERSLUR STYÐJA VIÐ MEGINMARKMIÐIÐ.

MEGINMARKMIÐ 2

SPILUM SAMAN

Við leyfum okkur að rökræða mál innan KÍTÓN, en mætum samstilltar til leiks. Okkar sérstaða er einstakt samspil fjölbreytts hóps kvenna, kvára, trans og kynsegin sem öll standa saman sem ein heild. Við styrkjum inngildandi starf KÍTÓN og drögum fleiri að borðinu. Við sláum tóninn en tökum líka taktinn og fylkjum liði með konum, kvár, kynsegin og trans í tónlistarsenunni.

Áherslur:

- Stóreflum innra starf KÍTÓN.
- Styðjum kröftuglega við grasrótina.
- Beinum kröftum okkar í aðgerðir.

ÞRJÁR ÁHERSLUR STYÐJA VIÐ MEGINMARKMIÐIÐ.



MEGINMARKMIÐ 3

SKÖPUM RÝMI

Við bendum á og kveikjum í hlutdrægum skoðunum tónlistarsenunnar og samfélagsins alls. Við höfnum hugmyndafræðinni um að konur þurfi bara að vera duglegri, (KÞBAVD) og krefjumst þess að karlar og samfélagið allt líti á eigin innbyggðu skekkjur og fordóma. Við tökum virkan þátt í að móta tónlistarsenuna á Íslandi og beitum okkur innan nefnda, stjórna og ráða senunnar.

Áherslur:

- Komumst til áhrifa.
- Krefjumst sýnileika.



TVÆR ÁHERSLUR STYÐJA VIÐ MEGINMARKMIÐIÐ.

MEGINMARKMIÐ 4

JÖFNUM LEIKA

Við stöndum vörð um hagsmuni, réttindi, sýnileika og tækifæri sís kvenna, kvára, trans og kynsegin í íslensku tónlistarsenunni. Við stuðlum að samstöðu, valdeflingu og tengslum sís kvenna, kvára, trans og kynsegin í tónlist á Íslandi. Við fordæmum kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni innan senunnar og beitum okkur gegn því.



Áherslur:

- Beitum okkur gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni í bransanum.
- Eflum jafnréttisfræðslu fyrir iðnaðinn.
- Þrýstum á rými fyrir konur, kvár, kynsegin og trans í tónlistariðnaðinum á Íslandi.

ÞRJÁR ÁHERSLUR STYÐJA VIÐ MEGINMARKMIÐIÐ.

EFTIRFYLGNI

EFTIRFYLGNI

Stefnunni fylgir tímasett
aðgerðaáætlun með
ábyrgðaraðilum og er stjórn KÍTÓN
falið að framkvæma og fylgja
aðgerðum á eftir.

Það er á ábyrgð stjórnar að þessari
stefnu verði fylgt eftir og að hún
verði endurskoðuð innan tiltekins
tíma.

UNNIÐ AF STJÓRN
KÍTÓN 2022
UNDIR LEIÐSÖGN
IRPA EHF.